

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

FRAMKVÆMD OG UTANUMHALD RAMMASAMNINGA

7. OKTÓBER 2011

Í lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 er lögð áhersla á að tryggja beri jafnræði fyrirtækja og stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni við opinber innkaup. Ríkiskaupum er sérstaklega ætlað að beita sér í þessum efnum, m.a. með því að bjóða út og gera skuldbindandi samninga („rammasamninga“) við einstök fyrirtæki um verk, vörur eða þjónustu gegn föstum skilmálum um verð og fyrirhugað heildarmagn innkaupa á samningstíma. Með slíkum magninnkaupum er talið unnt að fá afslátt af listaverði og spara ríkinu umtalsvert fé.

Allar ríkisstofnanir og fyrirtæki sem rekin eru að helmingi eða meira fyrir almannafé eru sjálfkrafa aðilar að rammasamningum Ríkiskaupa og geta þar með nýtt sér hagkvæmni samræmdra innkaupa. Einnig eiga sveitarfélög og ýmsar sjálfseignarstofnanir aðild að samningunum. Hinn 6. okt. 2011 voru 577 samningar í gildi og 501 söluaðili með virkan samning.

Framkvæmd og utanumhald rammasamninga

Í innkaupastefnu ríkisins, sem fyrst var gefin út árið 2002, eru sett fram mælanleg markmið um árangur rammasamninga, m.a. með aukinni veltu þeirra á tilteknu tímabili. Til að meta megja þennan árangur þurfa að liggja fyrir upplýsingar um gildandi samninga og kaup samkvæmt þeim. Á vef Ríkiskaupa eru gildandi samningar listaðir upp en bókhald ríkisins veitir engar upplýsingar um notkun þeirra við innkaup. Við mat sitt á veltu þeirra styðjast Ríkiskaup því við skilagreinar frá söluaðilum. Þær eru um margt ófullnægjandi og gagnast því ekki til að meta árangur samninganna.

Upplýsingar frá söluaðilum

Á árinu 2010 nam velta rammasamninga rúmum 7 ma.kr. samkvæmt skilagreinum söluaðila. Þar af námu kaup færð á kennitölur ríkisaðila um 5,2 ma.kr. Upplýsingar um veltu berast seint og illa og þarf að slá þær inn í kerfi Ríkiskaupa. Í ferlinu er víða hætt á villum, m.a. vegna rangra eða úreltra kennitalna í skilagreinum. Viðskipti eru ekki heldur alltaf færð á kennitölu kaupanda. Árið 2010 voru 373 m.kr. færðar án kennitölu, þ.e. 5,3% af heildarveltu ársins. Þá eru ekki allar ítarupplýsingar færðar inn í viðeigandi kerfi. Má þar nefna iðnaðarmannasamning, sem var tilraunaverkefni á árinu 2010, en velta hans nam 159 m.kr. eða 2,3% af heildarveltu ársins. Verkefninu fylgdu margvíslegar upplýsingar sem illa gekk að innkalla og halda utan um. Ákveðið var að bjóða áfram upp á

samninginn og réðu Ríkiskaup fleiri starfsmenn til að bæta bæði upplýsingaöflun og upplýsingagjöf.

Bókhald ríkisins

Þótt ætlast sé til að stofnanir noti rammasamninga við innkaup sé slíkt mögulegt hefur nokkur misbrestur verið á því að það sé alltaf gert. Erfitt er að átta sig á hversu mikil frávikin eru þar sem kaup samkvæmt rammasamningum eru ekki tilgreind sérstaklega í bókhaldi ríkisins. Þá eru upplýsingar um söluaðila ekki alltaf færðar enda gerir bókhaldskerfið ekki kröfu um að þær séu slegnar inn í kerfið.

Þessi háttur dregur úr gildi upplýsinga í bókhaldi ríkisins og torveldar yfirsýn um viðskipti einstakra aðila. Ekki er heldur hægt að treysta því að yfirlit „tegunda“ veiti yfirsýn um viðskipti. Tegundir segja ekki að fullu til um hvað var keypt þar sem þær eru oft vítt skilgreindar. Undir þær geta bæði fallið kaup samkvæmt rammasamningum og utan þeirra. Þá bjóða skilgreiningar tegunda upp á ólíkar túlkningar á því hvaða gjöld skal færa á þær og getur það valdið ósamræmi í bókunum. Þetta á þó ekki aðeins við um bókanir vegna rammasamninga.

Fjármálaráðuneyti þarf að tryggja betri upplýsingar

Mikilvægt er að upplýsingar um veltu rammasamninga gefi trúverðuga mynd af því hvort stofnanir ríkisins notfæri sér samningana og af árangri einstakra samninga og innkaupastefnu ríkisins í heild sinni. Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðuneyti og beinir Ríkisendurskoðun því meðfylgjandi athugasemd og ábendingu til þess:

RÍKISENDURSKOÐUN TELUR ÓVIÐUNANDI AÐ STJÓRNVÖLD SÉU ALFARIÐ HÁÐ UPPLÝSINGUM FRÁ SÖLUAÐILUM VIÐ MAT Á KAUPUM SAMKVÆMT RAMMASAMNINGUM OG ÁRANGRI ÞEIRRA KAUPA.

MIKILVÆGT ER AÐ FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI BÆTI VERKFERLA OG BÓKANIR VEGNA INNKAUPA ÞANNIG AÐ MARKTÆKAR UPPLÝSINGAR UM STÖÐU RAMMASAMNINGA OG FRAMKVÆMD ÞEIRRA VERÐI AÐGENGILEGAR.

Fjármálaráðuneyti tekur í bréfi frá 5. okt. 2011 undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar að bæta þurfi upplýsingar um mat á kaupum samkvæmt rammasamningum og árangri þeirra kaupa og hyggst hefja vinnu við að leysa vandann.